



Lífeyrissjóður starfsmanna Akureyrarbæjar

**Lífeyrissjóður starfsmanna  
Akureyrarbæjar  
Ársreikningur 2010**

Lífeyrissjóður starfsmanna Akureyrarbæjar  
Strandgötu 3  
600 Akureyri

kt. 510169-3799

## Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra .....	2
Áritun óháðs endurskoðanda .....	3
Áritun tryggingastærðfræðings .....	4
Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris .....	5
Efnahagsreikningur .....	6
Sjóðstreymisyfirlit .....	7
Skýringar .....	8
Kennitölur .....	12

## Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Lífeyrissjóður starfsmanna Akureyrarbæjar er tryggingssjóður sem skiptist í tvær deildir, A-deild og B-deild.

Alls greiddu 162 sjóðfélagar hjá 8 launagreiðendum iðgjöld til sjóðsins á árinu. Greiðandi sjóðfélögum fækkaði um 11 á árinu. Iðgjöld námu samtals 199 milljónum króna og lækkuðu um 3,8% frá fyrra ári. Virkir sjóðfélagar þ.e. sjóðfélagar sem að jafnaði greiða iðgjöld til sjóðsins með reglubundnum hætti í mánuði hverjum var 157

Lífeyrisgreiðslur sjóðsins á árinu námu 367 milljónum króna og hækkuðu um 4,8% frá fyrra ári og var fjöldi lífeyrisþegar 388 í árslok.

Hrein eign sjóðsins til greiðslu lífeyris nam 7.643 milljónum króna og hækkaði um 3,6% frá fyrra ári.

Nafnávöxtun sjóðsins á árinu var 5,94% og hrein raunávöxtun var 3,25% samanborið við 12,04% nafnávöxtun og 3,13% raunávöxtun á árinu 2009. Meðalraunávöxtun s.l. 5 ár er 3,35% og 4,30% s.l. 10 ár.

Tryggingafræðileg úttekt hefur verið framkvæmd á stöðu sjóðsins miðað við árslok 2010. Samkvæmt matinu nema áfallnar skuldbindingar sjóðsins 11.651,3 milljónum króna og eignir til tryggingafræðilegs uppgjors kr. 8.137,2 milljónum króna. Áfallnar skuldbindingar nema því 3.514,1 milljón króna umfram eignir. Eignir sjóðsins duga því fyrir 69,8% af áföllnum skuldbindingum miðað við 2,0% ársvexti umfram launabreytingar. Heildarskuldbindingar sjóðsins, þegar tekið hefur verið tillit til þeirra iðgjalda sem sjóðfélagar greiða í framtíðinni og þeirra eigna og réttinda sem þær iðgjaldagreiðslur skapa, nema 4.524,3 milljónum króna hærrí fjárhæð en eignir eða sem nemur 34,3% af skuldbindingum. Tryggingafræðileg staða sjóðsins versnaði um 117,1 milljón króna á árinu.

Stjórnin reiknar með að rekstur sjóðsins verði með svipuðu sniði á næsta ári.




Sjóðurinn hefur ekki launaða starfsmenn, en er með samning við Stapa lífeyrissjóð um rekstur.

Bæjarsjóður Akureyrar er ábyrgur fyrir skuldbindingum sjóðsins.

Stjórn og framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2010 með áritun sinni.

Akureyri, 9. mars 2011

Stjórn:

  
 Halla Bj. Reynisd.  
  
 Arnar J. Tímósson  
  
 Alana Jakobína Björnsdóttir

  
 Þórisson Késson

## Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og sjóðfélaga Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar fyrir árið 2010. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

### Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

### Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

### Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2010, efnahag hans 31. desember 2010 og breytingu á handbæru fé á árinu 2010, í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur.

Akureyri 9. mars 2011

**Deloitte hf.**

Hólmgrímur Bjarnason  
endurskoðandi

## Áritun tryggingastærðfræðings

Til stjórnar og sjóðfélaga Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar:

Undirritaður hefur metið lífeyrisskuldbindingar Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar í árslok 2010. Matið er framkvæmt í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 391/1998 um tryggingafræðilegar athuganir á lífeyrissjóðum og forsendur fyrir þeim. Meðal annars er miðað við lífslíkur árunna 2004-2008 og 2,0% vexti p.a. umfram laun.


Yfirlit yfir helstu niðurstöður matsins er að finna í skýringu nr. 15.

Skuldbindingar sjóðsins eru reiknaðar á grundvelli upplýsinga úr iðgjalda- og lífeyrisbókhalda sjóðsins um áunnin réttindi virkra og óvirkra sjóðfélaga skipt eftir aldri þeirra og lífeyrisgreiðslur til einstakra sjóðfélaga í árslok 2010. Miðað er við réttindaákvæði í samþykktum sjóðsins.

Í matinu eru reiknaðar út áfallnar skuldbindingar vegna þeirra sjóðfélaga, sem þegar eiga réttindi í sjóðnum og áætlaðar framtíðarskuldbindingar vegna þeirra iðgjalda, sem ætla má að virkir sjóðfélagar greiði til sjóðsins þar til þeir hefja töku lífeyris. Þessi áætluðu framtíðariðgjöld svo og áætlaður rekstarkostnaður og fjármagnsgjöld í framtíðinni eru núvirt miðað við árslok 2010. Þá er í matinu tekið tillit til endurmats á skulda-bréfaeign sjóðsins, en hún hefur verið núvirt miðað við sömu ávöxtunarkröfu og skuldbindingarnar eða 2,0% ársvexti umfram breytingar launa.

Niðurstaða mín er sú að nokkuð skorti á að Lífeyrissjóður starfsmanna Akureyrarbæjar geti staðið við þessar skuldbindingar, bæði þær sem þegar eru áfallnar og þær sem til stofnast í framtíðinni, miðað við viðurkenndar forsendur um tryggingafræðilegar athuganir á fjárhagsstöðu lífeyrissjóða.

Reykjavík, 9. mars 2011



Bjarni Guðmundsson, tryggingastærðfræðingur

## Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris á árinu 2010

	Skýringar	2010	2009
<b>Iðgjöld</b>			
Iðgjöld sjóðfélaga.....		20.085	21.609
Iðgjöld launagreiðenda.....		176.870	184.985
Réttindaflutningur og endurgreiðslur.....	(	233)	0
Framlag ríkisins til jöfnunar örorkubyrði.....		2.104	0
	<i>Iðgjöld</i>	<u>198.826</u>	<u>206.594</u>
	<b>3</b>		
<b>Lífeyrir</b>			
Lífeyrir.....		366.971	350.294
	<i>Lífeyrir</i>	<u>366.971</u>	<u>350.294</u>
	<b>4</b>		
<b>Fjárfestingartekjur</b>			
Vaxtatekjur og gengismunur.....	<b>5</b>	443.450	886.373
Breyting niðurfærsla verðbréfa.....	<b>10</b>	9.381	( 68.177)
	<i>Fjárfestingartekjur</i>	<u>452.831</u>	<u>818.196</u>
<b>Fjárfestingargjöld</b>			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður.....	<b>6</b>	5.077	4.825
<b>Rekstrarkostnaður</b>			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....	<b>7</b>	14.252	13.089
<b>Hækkun á hreinni eign á árinu</b>			
		265.357	656.582
Hrein eign frá fyrra ári.....		<u>7.377.908</u>	<u>6.721.325</u>
<b>Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris</b>		<u>7.643.265</u>	<u>7.377.908</u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2010

Eignir	Skýringar	2010	2009
<b>Fjárfestingar</b>			
Verðbréf með breytilegum tekjum.....	2,8	373.696	141.712
Verðbréf með föstum tekjum.....	2,9	7.066.224	6.414.527
Veðlán.....	9	47.702	54.065
<i>Fjárfestingar</i>		<u>7.487.622</u>	<u>6.610.304</u>
<b>Kröfur</b>			
Kröfur á launagreiðendur.....		33.314	29.433
<i>Kröfur</i>		<u>33.314</u>	<u>29.433</u>
<b>Aðrar eignir</b>			
Sjóður og veltiinnlán.....		345.401	948.512
<i>Aðrar eignir</i>		<u>345.401</u>	<u>948.512</u>
<b>Eignir samtals</b>		7.866.337	7.588.249
<b>Skuldir</b>	11		
Skuldir við lánastofnanir.....		217.086	201.006
Aðrar skuldir.....		5.986	9.336
<i>Skuldir</i>		<u>223.072</u>	<u>210.341</u>
<b>Hrein eign til greiðslu lífeyris</b>		<u>7.643.265</u>	<u>7.377.908</u>
<b>Mat á áunnum lífeyrisskuldbindingum</b>	15		

## Sjóðstreymi ársins 2010

	Skýringar	2010	2009
<b>Inngreiðslur</b>			
Iðgjöld.....		198.826	206.594
Fjárfestingartekjur .....		458.904	472.022
Afborganir verðbréfa.....		239.854	433.025
Seld verðbréf með breytilegum tekjum.....		78	35.000
Seld verðbréf með föstum tekjum.....		296.911	585.365
Aðrar inngreiðslur.....		8.850	22.317
		<u>1.203.423</u>	<u>1.754.323</u>
<b>Útgreiðslur</b>			
Lífeyrir.....		366.971	350.294
Fjárfestingargjöld.....		5.077	4.825
Aðrar útgreiðslur.....		14.252	13.089
		<u>386.300</u>	<u>368.208</u>
<b>Ráðstöfunarfé til kaupa á verðbréfum og annarri fjárfestingu</b>		817.123	1.386.115
<b>Kaup á verðbréfum og önnur fjárfesting</b>			
Kaup á verðbréfum með breytilegum tekjum.....		242.716	100.000
Kaup á verðbréfum með föstum tekjum.....		1.177.518	1.640.475
Ný veðlán.....	(	0)	6.000
		<u>1.420.234</u>	<u>1.746.475</u>
<b>Lækkun á sjóði og veltiinnlánum</b>	(	603.110)	( 360.359)
Sjóður og veltiinnlán í ársbyrjun .....		948.512	1.308.871
<b>Sjóður og veltiinnlán í árslok</b>		<u>345.401</u>	<u>948.512</u>



## Skýringar

### Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

#### 1. Framsetning ársreiknings

Ársreikningurinn er saminn í samræmi við reglur nr. 55/2000 um ársreikninga lífeyrissjóða. Reglurnar eru settar á grundvefli laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

#### 2. Verðbréfaeign

Verðbréfum í eigu sjóðsins er skipt í verðbréf með breytilegum tekjum, verðbréf með föstum tekjum og veðlán. Til verðbréfa með breytilegum tekjum teljast skammtímafrétt verðbréfasjóða. Til verðbréfa með föstum tekjum teljast skuldabréf og önnur verðbréf með föstum vöxtum eða með tiltekna vaxtaviðmiðun. Til veðlána teljast skuldabréfalán með veði í fasteignum.

Verðbréf með föstum tekjum eru færð til eignar með áföllnum verðbótum og vöxtum m.v. vaxtakjör verðbréfa að teknu tilliti til ávöxtunarkröfu þeirra á kaupdegi.

Verðbréf með föstum tekjum eru færð niður í efnahagsreikningi vegna óvissu um innheimtu. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður afskriftareikningur til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Við niðurfærsluna hefur sérstök áhætta verið metin jafnframt því sem reiknuð er almenn niðurfærsla.

#### 3. Iðgjöld

	2010	2009
Iðgjöld sjóðfélaga .....	20.085	21.609
Iðgjöld launagreiðenda .....	40.276	41.889
Viðbótarframlög stofnana, launagreiðendur .....	136.593	143.096
Réttindaflutningar .....	( 233)	0
Framlag ríkisins til jöfnunar örorkubyrði .....	2.104	0
Iðgjöld samtals .....	<u>198.826</u>	<u>206.594</u>

#### 4. Lífeyrir

Ellilífeyrir .....	278.278	271.551
Örorkulífeyrir .....	18.830	15.517
Makalífeyrir .....	69.781	63.084
Barnalífeyrir .....	82	142
Lífeyrir samtals .....	<u>366.971</u>	<u>350.294</u>

#### 5. Fjárfestingartekjur

Tekjur af innlendum hlutdeildarskírteinum .....	( 11.251)	( 42.179)
Tekjur af skuldabréfasjóðum .....	19.006	3.757
Tekjur af skammtímasjóðum .....	6.730	( 19.667)
Tekjur af markaðsverðbréfum .....	352.110	780.885
Tekjur af veðskuldabréfum .....	3.928	6.526
Tekjur af erlendum skuldabréfum .....	78	3.539
Tekjur af bankainnstæðum .....	88.930	171.748
Tap af gengisvörnum .....	( 16.080)	( 18.236)
Vaxtatekjur og gengismunur samtals .....	<u>443.450</u>	<u>886.373</u>
Breyting á niðurfærslu skuldabréfaeignar .....	9.381	( 68.177)
Fjárfestingartekjur samtals .....	<u>452.831</u>	<u>818.196</u>

## Skýringar

### 6. Fjárfestingargjöld

	2010	2009
Hlutdeild í rekstrarkostnaði .....	5.077	4.825
	<u>5.077</u>	<u>4.825</u>

### 7. Rekstarkostnaður

Stjórnarlaun og launatengd gjöld .....	495	444
Rekstrarþóknun .....	15.232	14.474
Annar rekstrarkostnaður .....	3.602	2.996
Rekstrarkostnaður samtals .....	19.329	17.914
Fært á fjárfestingargjöld .....	( 5.077)	( 4.825)
	<u>14.252</u>	<u>13.089</u>

### 8. Verðbréf með breytilegum tekjum

#### Innlend verðbréfaeign:

Peningamarkaðssjóðir .....	32.627	46.247
Skuldabréfasjóðir .....	340.957	95.465
Innlend hlutabréf .....	112	0
Samtals .....	<u>373.696</u>	<u>141.712</u>

### 9. Verðbréf með föstum tekjum

#### Markaðsbréf:

Ríkisbréf .....	5.504.553	4.915.080
Önnur innlend markaðsskuldabréf .....	1.806.424	1.728.595
Erlend skuldabréf .....	0	24.920
Niðurfærsla verðbréfa með fastar tekjur .....	( 244.752)	( 254.068)
Verðbréf með föstum tekjum samtals .....	<u>7.066.224</u>	<u>6.414.527</u>

#### Veðskuldabréf:

Veðskuldabréf sjóðfélaga .....	48.293	54.722
Niðurfærsla verðbréfa með fastar tekjur .....	( 592)	( 657)
Veðskuldabréf samtals .....	<u>47.702</u>	<u>54.065</u>

Verðbréf með föstum tekjum samtals .....	<u>7.113.926</u>	<u>6.468.592</u>
--	------------------	------------------

Niðurfærsla verðbréfa í heild .....	( 245.344)	( 254.725)
-------------------------------------	------------	------------

Af skráðum skuldabréfum, þar sem kaupverð lá fyrir í Kauphöll Íslands í árslok, var markaðsverð þeirra 304,4 mkr. hærra en bókfært verð. Verðbréf sjóðsins eru í íslenskum krónum.

## Skýringar

### 10. Niðurfærsla verðbréfa

	2010	2009
Niðurfærsla 1.1. ....	254.725	186.548
Breyting á almennri niðurfærslu .....	889	579
Niðurfærsla færð út .....	( 65.502)	
Sértæk niðurfærsla á árinu .....	55.232	67.598
Niðurfærsla 31.12. ....	<u>245.344</u>	<u>254.725</u>

### 11. Skuldir

#### Skuldir við lánastofnanir:

Staða skiptasamninga .....	217.086	201.006
	<u>217.086</u>	<u>201.006</u>

#### Aðrar skuldir:

Ógreiddur kostnaður .....	5.986	9.336
	5.986	9.336

Samtals .....	<u>223.072</u>	<u>210.342</u>
---------------	----------------	----------------

### 12. Gjaldmiðlaáhætta og afleiðusamningar

Til að draga úr gengisáhættu gerði sjóðurinn afleiðusamninga við gömlu viðskiptabankana, fyrir hrun bankakerfisins. Þessir samningar voru hluti af samningi við viðkomandi banka um stýringu á gjaldeyrisáhættu fyrir sjóðinn. Við fall bankanna kom upp óvissa um þessa samninga þ.e., hvort forsendur þeirra hafi brostið og þá hvenær, hvort bæri að ógilda þá og víkja þeim frá, eða hvort þeir héldu gildi sínu, fram til umsamins gjalddaga, þrátt fyrir þrot bankanna. Veruleg óvissa hefur ríkt um verðmæti samninganna og hvort greiðsluskylda vegna þeirra sé fyrir hendi hjá sjóðnum. Engar samningaviðræður hafa verið í gangi milli aðila og ólíklegt að úr því verði skorið nema fyrir tilstilli dómstóla. Verði niðurstaðan sú að sjóðurinn þurfi að gera samningana upp að fullu miðað við ítrustu kröfu bankanna þá versnar staða sjóðsins um 142,6 milljónir króna.

Í ársreikningi þessum er staða samninganna metin eins og hún var í byrjun október 2008 mv. gengisvísitöluna 175, auk samningsvaxta frá þeim tíma til loka árs 2010.

### 13. Aðrar upplýsingar

Sjóðurinn er með rekstrarsamning við Stapa lífeyrissjóð og hefur enga starfsmenn á launaskrá og hefur ekki veitt framkvæmdastjóra né stjórnarmönnum lán eða ábyrgðir.

Launagreiðslur til stjórnarmanna á árinu greinast þannig:

Arna Jakobína Björnsdóttir	65
Hanna Rósa Sveinsdóttir	65
Hermann Jón Tómasson	130
Oddur Helgi Halldórsson	65
Regína Þorbjörg Reginsdóttir	26
Sigrún Björk Jakobsdóttir	65
Samtals	<u>416</u>

Greiðslur til endurskoðenda á árinu voru 1.124 þús. kr. þar af var greiðsla vegna innri endurskoðunar 347 þúsund króna.

Greiðslur til Fjármálaeftirlitsins á árinu voru 1.536 þús. kr.

Greiðslur til tryggingarstærðfræðings á árinu voru 864 þús. kr.

## Skýringar

### 14. Ráðstöfun

Bréfaflokkur	Kaup	Sala	Ráðstöfun
Innlend hlutdeildarskírteini.....	242.716	( 78)	242.638
Samtals verðbréf með breytilegum tekjum	242.716	( 78)	242.638
Ríkisbréf.....	957.171	( 199.190)	757.981
Markaðsskuldabréf.....	220.347	( 97.721)	122.626
Veðskuldabréf.....	0	0	0
Samtals verðbréf með föstum tekjum	1.177.518	( 296.911)	880.607
Ráðstöfun í verðbréfa kaup, samtals .....	1.420.234	( 296.989)	1.123.245

### 15. Tryggingafræðileg úttekt

Samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt sem gerð hefur verið á stöðu sjóðsins í árslok 2010 námu áfallnar skuldbindingar 3.514,2 milljónum króna hærrí fjárhæð en eignir og heildarskuldbindingar námu 4.524,4 milljónum króna hærrí fjárhæð en eignir. Matið var framkvæmt í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 391/1998 og er miðað við 2% ársvexti umfram laun. Auk greiðslu iðgjalda ber þeim stofnunum sem greitt hafa til sjóðsins að endurgreiða honum allar hækkningar sem verða á lífeyri eftir að hann hefur verið úrskurðaður.

Tryggingafræðileg staða sjóðsins versnaði um 117,1 milljón króna á árinu.

Niðurstaða framreiknaðs mats bendir til þess að framtíðariðgjöld sjóðsins leiði til skuldbindinga sem eru mun hærrí en það sem iðgjöldin og ávöxtun þeirra geta staðið undir miðað við núverandi samþykktir sjóðsins.

Sjóðnum hefur verið lokað fyrir nýjum félögum.

Niðurstaða matsins er sem hér segir:

	Áfallin skuldbinding	Framtíðar- skuldbinding	Heildar- skuldbinding
<b>Eignir</b>			
Hrein eign til greiðslu lífeyris.....	7.643,3	0,0	7.643,3
Núvirði verðbréfa.....	572,1	0,0	572,1
Fjárfestingarkostnaður..... ( 78,3)	( 78,3)	0,0	( 78,3)
Núvirði framtíðariðgjalda.....		543,7	543,7
Eignir samtals .....	8.137,1	543,7	8.680,8
<b>Skuldbindingar</b>			
Elli lífeyrir.....	8.871,6	1.222,5	10.094,1
Örorkulífeyrir .....	362,1	54,6	416,7
Makalífeyrir .....	2.218,0	237,2	2.455,2
Barnalífeyrir.....	2,8	4,2	7,0
Rekstrarkostnaður .....	196,8	35,4	232,2
Skuldbindingar samtals .....	11.651,3	1.553,9	13.205,2
Skuldbindingar umfram eignir..... ( 3.514,2)	( 3.514,2)	( 1.010,2)	( 4.524,4)
Eignir sem hlutfall af skuldbindingum.....	69,8%	35,0%	65,7%
Hrein eign umfram skuldbindingar .....	-30,2%	-65,0%	-34,3%
Skuldbindingar umfram eignir 1.1.2010..... ( 3.342,8)	( 3.342,8)	( 1.064,5)	( 4.407,3)
Skuldbindingar umfram eignir 31.12.2010 .....	( 3.514,2)	( 1.010,2)	( 4.524,4)
Breyting á árinu .....	( 171,4)	54,3	( 117,1)

## Kennitölur

Skýring:	2010	2009	2008	2007	2006	2005
Nafnávöxtun .....	5,94%	12,04%	15,71%	10,12%	14,51%	14,60%
Nafnávöxtun - 5 ára meðaltal .....	11,61%	13,38%	13,96%	13,09%	10,89%	9,74%
Raunávöxtun..... <b>1</b>	3,25%	3,13%	-0,56%	4,02%	7,06%	10,04%
Raunávöxtun - 5 ára meðaltal .....	3,35%	4,68%	6,15%	8,00%	6,70%	5,26%
Raunávöxtun - 10 ára meðaltal .....	4,30%	4,31%	4,93%	6,24%	6,48%	5,76%
Rekstrarkostnaður sem hlutfall af eignum .....	<b>2</b> 0,19%	0,19%	0,22%	0,27%	0,15%	0,22%
Fjárfestingargjöld sem hlutfall af eignum .....	<b>2</b> 0,13%	0,13%	0,08%	0,10%	0,05%	0,04%
Heildarkostnaður sem hlutfall af eignum .....	<b>2</b> 0,32%	0,32%	0,30%	0,37%	0,20%	0,26%
<b>Samsetning eigna: <b>3</b></b>						
Skráð verðbréf með breytilegum tekjum .....	5%	2%	1%	25%	44%	39%
Skráð verðbréf með föstum tekjum .....	83%	84%	66%	63%	26%	28%
Óskráð verðbréf með föstum tekjum .....	11%	13%	13%	12%	28%	30%
Veðlán .....	1%	1%	1%	1%	3%	3%
Aðrar eignir .....	0%	0%	19%	0%	0%	0%
<b>Skipting eigna eftir gjaldmiðlum: <b>4</b></b>						
Eignir í íslenskum krónum .....	100%	100%	99%	85%	82%	85%
Eignir í erlendum gjaldmiðlum .....	0%	0%	1%	15%	18%	15%
<b>Hlutfallsleg skipting lífeyris: <b>5</b></b>						
Ellilífeyrir .....	75,8%	77,5%	77,4%	75,3%	74,8%	73,2%
Örorkulífeyrir .....	5,1%	4,4%	4,9%	5,9%	6,5%	6,8%
Makalífeyrir .....	19,0%	18,0%	17,6%	18,6%	18,4%	19,5%
Barnalífeyrir .....	0,0%	0,0%	0,1%	0,2%	0,3%	0,4%
<b>Lífeyrisbyrði <b>6</b></b>	184,57%	169,56%	164,63%	155,74%	146,14%	145,00%
Heildarfjöldi launagreiðenda á árinu .....	8	8	8	8	6	6
<b>Virkir sjóðfélagar <b>7</b></b>	157	166	171	185	203	216
Heildarfjöldi greiðandi sjóðfélaga.....	162	173	191	202	219	241
Fjöldi lífeyrisþega í lok árslok.....	388	374	345	322	302	284
(Lækkun) hækkun iðgjalda frá fyrra ári .....	-3,76%	10,11%	6,20%	12,25%	10,75%	8,00%
Hækkun lífeyrisútgjalda .....	4,76%	13,40%	12,36%	19,62%	11,91%	13,49%
Hækkun á hreinni eign til greiðslu lífeyris .....	3,6%	9,8%	13,5%	149,0%	10,9%	64,2%
Eignir umfram heildarskuðbindingar .....	<b>8</b> -33,4%	-33,6%	-37,9%	-36,2%	-69,2%	-67,5%
Eignir umfram áfallnar skuldbindingar .....	<b>9</b> -29,2%	-29,1%	-33,6%	-31,1%	-70,3%	-68,6%
Starfsmannafjöldi .....	0	0	0	0	0	0
Hækkun vísitölu neysluverðs .....	2,61%	8,63%	16,36%	5,86%	6,95%	4,14%
<b>Ávöxtun einstakra eignaflokka:</b>						
<i>Nafnávöxtun:</i>						
Innlend hlutabréf og hlutdeildarskírteini .....	0,0%	-63,1%	-49,1%	-18,2%	12,1%	66,2%
Erlend hlutabréf .....	0,0%	0,0%	7,1%	0,3%	35,4%	13,6%
Ríkisstyrggð skuldabréf .....	6,5%	12,3%	21,2%	10,7%	11,4%	8,3%
Önnur innlend skuldabréf .....	4,0%	20,3%	6,8%	12,1%	12,7%	18,8%
Erlend skuldabréf .....	3,6%	34,3%	-2,5%	4,5%	12,5%	6,8%
Skammtímaabréf .....	9,1%	15,5%	1,7%	14,1%	12,1%	9,3%
<i>Raunávöxtun:</i>						
Innlend hlutabréf og hlutdeildarskírteini .....	0,0%	-66,0%	-56,3%	-22,7%	4,8%	59,6%
Erlend hlutabréf .....	0,0%	-7,9%	-8,0%	-5,3%	26,6%	9,1%
Ríkisstyrggð skuldabréf .....	3,8%	3,4%	4,2%	4,6%	4,1%	4,0%
Önnur innlend skuldabréf .....	1,4%	10,8%	-8,3%	5,9%	5,4%	14,1%
Erlend skuldabréf .....	1,0%	23,6%	-16,2%	-1,3%	5,2%	2,5%
Skammtímaabréf .....	6,3%	6,3%	-12,6%	7,8%	4,8%	4,9%

**Skýringar:**

1. Raunávöxtun á meðaltali hreinnar eignar m.v. vísitölu neysluverðs.
2. Rekstrarkostnaður, fjármagnsgjöld og heildarkostnaður í hlutfalli af meðaltali hreinnar eignar.
3. Hlutfallsleg skipting á eignum sjóðsins í mismunandi eignaflokka í árslok.
4. Skipting á öllum eignum sjóðsins í íslenskar krónur og erlenda gjaldmiðla án tillits til gjaldeyrisvarna.
5. Hlutfallsleg skipting á lífeyrisgreiðslum sjóðsins milli einstakra lífeyristegunda.
6. Lífeyrisgreiðslur sem hlutfall af iðgjöldum
7. Heildarfjöldi sjóðfélaga, sem greiddi til sjóðsins á árinu.
8. Heildareignir sjóðsins (eign í lok árs + verðmæti framtíðariðgjalda) í hlutfalli við heildarskuldbindingar hans skv. tryggingafræðilegri úttekt.
9. Eignir í lok árs í hlutfalli við áfallnar kuldbindingar í lok árs skv. tryggingafræðilegri úttekt.